

Inngangur

Þessar leiðbeiningar fjalla um sérreglur sem gilda um innflutning á sýnishornum og smásendingum af dýraafurðum. Innflytjandi þarf að fylla út umsóknareyðublað [4.32](#) á Þjónustugátt Matvælastofnunar. Leiðbeiningarnar gilda vegna innflutnings á dýraafurðum frá 3ju ríkjum sem eru utan gildissviðs reglugerðar ([ESB](#)) [2017/625](#) (tekin í gildi hér á landi með reglugerð nr. [234/2020](#)) skv. gr. 48.

Þessar leiðbeiningar gilda um eftirfarandi sendingar:

- Sýnishorn eða sýni til rannsókna.
- Smásendingar til einstaklinga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, eða persónulegur farangur ferðamanna til einkaneyslu.

Allt eftirlit með dýraafurðum, öðrum en lagarafurðum, skal framkvæma undir virku eftirliti dýralæknis.

Sýnishorn eða afurðir til rannsókna

Reglur sem gilda um þessar sendingar eru:

- Að þær séu ekki ætlaðar til manneldis.
- Að þær séu ekki ætlaðar til markaðssetningar eða sölu.
- Að lokinni notkun skal þessum vörum eytt eða þær endursendar með þeim skilyrðum er eftirlitsaðili setur.

Gerð er krafa um að sendingunni fylgi eftirfarandi skjöl:

- Vörureikningur eða bréf sem staðfestir að um sýnishorn sé að ræða.
- Tilkynning frá flutningafyrirtæki.

EKKI er gerð krafa um að sendingunni fylgi:

- Heilbrigðisvottorð.
- CHED.

Innflytjandi þarf að sækja um innflutningsleyfi samkvæmt þessum skilyrðum á umsóknareyðublaði [4.32](#).

Smásendingar til einstaklinga og persónulegur farangur

Reglur sem gilda um þennan innflutning er að:

- Afurðirnar séu hluti af persónulegum farangri ferðamanna og ætlaðar til einkaneyslu þeirra.
- Að um sé að ræða smásendingar til einstaklinga, að því tilskildu að innflutningur þessara vara sé ekki viðskiptalegs eðlis.
- Ekki séu takmarkanir á innflutningi frá landinu sem afurðin kemur frá samkvæmt ([LBE-059](#)).
- Magnið sé innan leyfilegra marka skv. lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

Leyfileg mörk fyrir smásendingar og ferðamenn frá löndum innan EES hafa verið skilgreind í reglugerð ([EU](#)) [2019/2122](#) sem 2 kg. Mörk fyrir hreinsaðan ferskan fisk og fiskafurðir eru 20 kg, eða þyngd staks fisks, ákvarðast af því hvor þyngdin er meiri.

Smásendingar til einstaklinga og persónulegur farangur frá ríkjum utan ESB/EES

Innflutningur dýraafurða frá löndum utan EES til einkaneyslu sem leyfður er samkvæmt reglugerð [1251/2019](#):

- Kjöt/ -afurðir og mjólk/ -afurðir frá Andorra, Liechtenstein, San Marínó og Sviss.
- Kjöt/ -afurðir og mjólk/ -afurðir frá Færeyjum og Grænlandi (10 kg).
- Lagarafurðir frá Færeyjum
- Mjólkurduft og matur fyrir ungbörn, sjúkrafæði. Stöðug við umhverfishitastig, í merktum, órofum umbúðum. (2 kg)
- Sjúkrafæði fyrir gæludýr. Stöðug við umhverfishitastig, í merktum, órofum umbúðum (2 kg)
- Matvæli úr dýraríkinu (2 kg), önnur en ofangreind.
- Niðursoðnar dýraafurðir sem hafa Fo-gildi 3.00 eða hærra.

Bannað* er að flytja inn eftirfarandi dýraafurðir (og varasamar vörur) frá ríkjum utan EES samkvæmt reglugerð [1250/2019](#):

- Hrátt kjöt (þarf 72 °C í 15 sek).

- Ómeðhöndluð egg/ -afurðir (þarf 65 °C í 5 mín).
- Ógerilsneydd mjólk/ -afurðir frá framleiðendum utan EES.
- Dýrafóður úr sýktum/sjálfdauðum dýrum eða úr hráum dýraafurðum frá ríkjum utan EES.
- Kjötmjöl, beinamjöl, blóðmjöl.
- Blóð, sermi og sýni.
- Hey, hálm, alidýraáburð.
- Pokar eða aðrar umbúðir sem hafa verið notaðar í landbúnaði eða komist í snertingu við dýr/-afurðir
- Notuð (ósóttthreinsuð) reiðtygi o.fl., flutningsbúnaður.
- Notaðar (ósóttthreinsaðar) landbúnaðarvélar og áhöld.
- Notaðan (ósóttthreinsaðan) stangveiðibúnað.

*Hægt er að sækja um heimild til MAST.

Heimildir

Reglugerð [1250/2019](#) um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

Reglugerð [1251/2019](#) um innflutning dýraafurða til einkaneyslu.

Reglugerð ([ESB](#)) [2017/625](#) um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi með matvælum fóðri o.fl., innleidd með íslenskri reglugerð [nr. 234/2020](#)

Commission Regulation [EB/136/2004](#) laying down procedures for veterinary checks at Community border inspection posts on products imported from third countries.

Commission Delegetated regulation ([EU](#)) [2019/2122](#) regarding certain categories of animals and goods exempted from official controls at border control posts, specific controls on passengers' personal luggage and on small consignments of goods sent to natural persons which are not intended to be placed on the market.